



T-600-STAR: STARFSNÁM Á VORÖNN 2020

Kæru nemendur sem óska eftir að stunda starfsnám á vorönn 2020.

Meðfylgjandi er umsóknarform vegna þeirra valkosta sem eru í boði í starfsnámi verkfræðideildar fyrir vorönn 2020. Það eru u.þ.b. 20 fyrirtæki/stofnanir sem bjóða starfsnám. Markmiðið er að bjóða upp á sem breiðast svið starfsnáms, þ.e. störf sem falla undir helstu kjarnasvið verkfræði og tengdra greina. Eftirspurn nemenda og val fyrirtækjanna mun ráða því hvort öll störfin ganga út og hvort allir komist í starfsnám. Framboð starfa fer eftir því hvað fyrirtækin vilja hverju sinni, sum fyrirtæki taka marga starfsnema meðan önnur geta kosið að taka engan starfsnema í þetta sinn.

Nemendur geta valið einn, tvo eða þrjá valkosti (1, 2 og 3, þar sem 1 þýðir fyrsta val nemanda o.s.frv.). Líklegt er að samkeppni verði um sum störf. Til að auðvelda fyrirtækjunum og verkfræðideild matið þurfa nemendur að skila inn eftirfarandi upplýsingum (a) meðaleinkunn, (b) stutt frásögn áhugasvið og hvers vegna viðkomandi fyrirtæki/stofnun er valin og hvers vegna velja ætti viðkomandi nemanda í það starf sem hann/hún óskar eftir (hugsa eins og fylgibréf með umsókn) og (c) CV (ferilskrá) þar sem formið er undir hverjum nemanda komið en nauðsynlegt er að skila inn nöfnum á tveimur meðmælendum (í Word er mikið úrval af ágætum CV formum, farið undir New og svo Resumes and CVs á vinstri sleðanum). Á endanum eru það fyrirtækin sem velja úr umsækjendum. Fyrirtækjunum er ekki skylt að taka neinn í starfsnám ef það telur engan umsækjanda henta.

Starfsnámið skal fela í sér að lágmarki 120 klst. vinnu í fyrirtæki/stofnun, auk vinnu við gerð umsóknar, undirbúningsfundi, gerð lokaskýrslu og kynningu hennar, og eru veittar 6 ECTS einingar fyrir. Umsjónarkennari frá verkfræðideild HR sér um starfsnám hverju sinni. Umsjónarmaður starfsnáms er til staðar í hverju fyrirtæki og er hann tengiliður við umsjónarkennara starfsnáms í HR. Markmið starfsnáms er að auka þekkingu nemenda á því sviði sem þeir stunda nám. Starfsnámið skal veita nemendum reynslu af því að vinna að úrlausn raunhæfra viðfangsefna og undirbúa þá þannig undir framtíðarstarf. Vinnutíma skal haga þannig að ekki skarist við kennslustundir sem nemendur þurfa að sækja. Æskilegt er að dreifa starfsnáminu á 10-12 vikur. Skila skal stuttri lokaskýrslu (um 10 bls) og halda stutta kynningu í lok starfsnámsins.

Námsárangur vegna starfsnáms er skráður á námsferil nemenda sem Staðið/Fallin(n), en ekki er gefin einkunn í tölum. Starfsnám er ólaunað. Nemanda er ekki heimilt að stunda starfsnám hjá fyrirtæki sem hann hefur unnið hjá áður. Ekki er hægt að fá fyrri störf metin sem starfsnám. Nemandi getur ekki verið skráður í fleiri en 30 ECTS einingar á þeirri önn sem hann stundar starfsnámið.

Á næstu síðu er formið sem nemendur eru beðnir um að fylla út. Vinsamlegast gerið grein fyrir nafni, kennitölu og meðaleinkunn. Skilið CV með í viðhengi. Svarið spurningunum aftast (ef aðeins er sótt um hjá einu fyrirtæki þá dugar að svara spurningum nr 1), 2) og 5). Vinsamlegast skilið inn umsóknum um starfsnám á netfangið vfd@ru.is merkt T-600-STAR.

Námskeið um gerð ferilskrár og atvinnuviðtöl er **[þriðjudaginn 8. október kl 11:50–12:40 í stofu M105.](#)**

Skilafrestur á umsókn og ferilskrá er [þriðjudagurinn 15. október 2019.](#)

Gangi ykkur vel,

Sigurður Ingi Erlingsson
Forstöðumaður grunnnáms
Verkfræðideild



Nafn:
Kennitala:
Meðaleinkunn:

Merkið við fyrsta (1) valkost að minnsta kosti. Jafnframt má velja annan (2) og þriðja (3) valkost.

SAMSTARFSFYRIRTÆKI	HEIMASÍÐA	FAGSVIÐ	VAL (1, 2 og 3)
Arion banki	www.arionbanki.is	RV, FV	
Arctic Trucks International	www.arctictrucks.com	RV, FV, VV, HÁV	
Ark-Technologies	ark.technology	HEV, VV	
Blóðbankinn	www.blodbankinn.is	HEV, RV	
EFLA	www.efla.is	HÁV, VV, RV	
Elkem (Íslenska járnblendifélagið)	www.elkem.is	HÁV, VV, RV	
Fjármálaráðuneytið	www.fjarmalaraduneyti.is	RV, FV	
Hjartavernd	www.hjarta.is	HEV	
Icelandair	www.icelandair.com	HÁV, VV, RV, FV	
Icelandair Hotels	www.icelandairhotels.com	RV, FV	
Icora partners	www.icorapartners.com	RV, FV	
Íslandsbanki	www.islandsbanki.is	RV, FV	
Íslensk erfðagreining	www.decode.is	HEV, HÁV	
ISAVIA	www.isavia.is	VV, HÁV, RV, FV	
ÍSOR	www.isor.is	HÁV, VV, RV, FV	
Ikea	www.ikea.is	RV, FV	
Landsbankinn	www.landsbanki.is	RV, FV	
Landsnet	www.landsnet.is	HÁV, VV	
Landspítalinn	www.landspitali.is	HEV, HÁV	
Landsvirkjun	www.landsvirkjun.is	HÁV, VV, RV, FV	
Mannvit	www.mannvit.is	HÁV, VV, RV	
Marel	www.marel.is	HÁV, VV, RV	
NOVA	www.nova.is	HÁV, RV, FV	
Nox Medical	www.noxmedical.com	HEV	
Orkuveitan	www.or.is	HÁV, VV	
Raförninn	www.raforninn.is	HEV, HÁV	
Reitir	www.reitir.is	RV, FV	
Samey	www.samey.is	HÁV, VV, RT	
Samskip	www.samskip.is	RV, FV	
Securitas	www.securitas.is	HEV, RV	



Síminn	www.siminn.is	HÁV, VV, RV, FV	
Sjóvá	www.sjova.is	RV, FV	
Staki	www.staki.is	RV, HÁV, VV	
Star – Oddi	www.star-oddi.com/	HEV, HÁV	
Stiki	www.stiki.eu	HÁV, RV	
Verkís	www.verkis.is	HÁV, VV, RV	
Virðing	www.virding.is	FV, RV	
Vodafone	www.vodafone.is	HÁV, VV	
VSB	www.vsb.is	VV, RV, FV, HÁV	
VHE	www.vhe.is	VV, RV, FV, HÁV	
Össur	www.ossur.is	HEV, HÁV, VV	

Á listanum eru fyrirtæki sem hafa tekið BSc nemendur úr verkfræðideild í starfsnám á undanförunum árum, listinn er birtur fyrir vorönn 2020 með fyrirvara um smávægilegar breytingar.

EFNISATRIÐI Í UMSÓKN (hugsíð þetta sem fylgibréf)

1. Á hvaða fagsviði eða hvers konar verkefnum hefur þú mestan áhuga? Tilgreindu helstu áhugasvið í örfáum línunum.
2. Hvers vegna velur þú fyrirtækið sem þú setur í fyrsta sæti? Hvers vegna ættir þú að vera valin(n)?
3. Hvers vegna velur þú fyrirtækið sem þú setur í annað sæti? Hvers vegna ættir þú að vera valin(n)?
4. Hvers vegna velur þú fyrirtækið sem þú setur í þriðja sæti? Hvers vegna ættir þú að vera valin(n)?
5. Hvaða námskeið sem þú hefur lokið í námi þínu telur þú að geti nýst þér í starfsnáminu? Hvaða einkunnir hlaut þú í þessum námskeiðum?

Munið að senda með starfsferilsskrá (CV).

Skilið vinsamlegast á netfangið vfd@ru.is, merkt T-600-STAR Starfsnám.